

FRÉTTABLAÐ

SIGLFIRÐINGAFÉLAGSINS

PÓSTHÓLF 8584 – 128 REYKJAVÍK

NÚMER 48 – 1. TBL. – MAÍ 2011

Siglfirðingafélagið

50 ára 1961-2011

Fjölskyldudagurinn
22. maí 2011

Þjóðlagahátíðin
8.-10. júlí 2011



Ævisaga
sr. Bjarna
Þorsteinssonar



Viðtal við Höllu
Haraldsdóttur



Glæsileg árshátíð
á Broadway
22. október 2011



FRÉTTABLAÐ

ÚTGEFANDI OG ÁBYRGÐ:
SIGLFIRÐINGAFÉLAGIÐ

RITSTJÓRI:

S. JÓNA HILMARSDÓTTIR

FRÁ RITSTJÓRA



Ágætu félagar.

Gleðilegt sumar. Félagið okkar er 50 ára í ár, var stofnað á afmælisdegi sr. Bjarna Þorsteinssonar 14. október 1961. Mikið er um viðburði í tilefni afmælisins.

Einnig er í ár haldið upp á 150

ára afmæli sr. Bjarna, heiðursborgara Siglufjarðar og þjóðlagasafnara. Stefnt er að útgáfu ævisögu sr. Bjarna 14. október í haust.

Afmælisárið hófst með dansleik á veitingastaðnum Spot í Kópavogi í janúar sl. í samvinnu við unga siglfirska listamenn sem þar tróðu upp.

Fjölskyldudagurinn verður svo haldinn í Grafarvogskirkju sunnudaginn 22. maí og hefst með messu kl. 14.00. Sr. Vigfús Þór Árnason prédikar og Jón Sæmundur Sigurjónsson, fyrrverandi formaður Siglfirðingafélagsins, flytur hátíðarræðu. Veitingar og spjall verða í Safnaðarheimili Grafarvogskirkju á eftir.

Hin árlega Þjóðlagahátíð verður 8.-10. júlí á Siglufirði. Ber hátíðin að þessu sinni yfirskriftina „Látum dansinn duna“ og verður að stórum hluta tileinkuð sr. Bjarna Þorsteinssyni.

Afmælisútgáfa af Fréttablaði Siglfirðingafélagsins kemur út í október í haust. Stórt, fjölbreytt og veglegt blað í tilefni afmælisársins þar sem félagsins og félaga mun verða minnst með viðeigandi hætti.

Þann 22. október verður svo afmælishátíð á Broadway þar sem fjöldi listamanna frá Siglufirði mun koma fram. Verðinu verður stillt í hóf, allir hvattir til að mæta, takið daginn frá.

Í þessu blaði er sagt frá tilurð ævisögu sr. Bjarna Þorsteinssonar og viðtal við Viðar Hreinsson, skrásetjara bókarinnar. Einnig er einstakt viðtal við Höllu Haraldsdóttur myndlistarkonu um listaverkið í anddyri Sjúkrahúss Siglufjarðar en Halla gerði þetta eftirminnilega verk árið 1966.

Félagar eru hvattir til að mæta á Fjölskyldudaginn og í messu í Grafarvogskirkju 22. maí. Jón Ásgeir Ásgeirsson, barnabarn Jónasar Ásgeirs, leikur á harmonikku fyrir gesti.

Lifið heil,

S. Jóna Hilmarsdóttir.



Sumrinu fögnum við á Fjölskyldu- degi félagsins 22. maí

Fögnum sumri og hittumst í Grafarvogskirkju sunnudaginn 22. maí nk. Dagurinn hefst með guðspjónustu í kirkjunni kl. 14.00 þar sem sr. Vigfús Þór Árnason prédikar og Jón Sæmundur Sigurjónsson flytur hátíðarræðu. Kaffi og spjall á eftir. Jón Ásgeir Ásgeirsson leikur á harmonikku fyrir gesti.

Árgangar 1951-1961-1971 fjölmenna og aðstoða við bakstur, uppröðun, þjónustu og frágang. Siglfirðingar nær og fjær eru hvattir til að mæta, sýna sig og sjá aðra.


Tekið verður á móti kökum í kirkjunni eftir klukkan 11.00 sama dag.

Látum dansinn duna

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 6.-10. júlí 2011

Þjóðlagahátíðin verður haldin í tólfta sinn í sumar, dagana 6.-10. júlí, og ber að þessu sinni yfirskriftina *Látum dansinn duna*, enda verður dans frá öllum heimshornum áberandi á hátíðinni.

Á setningartónleikum hátíðarinnar verður 150 ára afmælis sr. Bjarna Þorsteinssonar minnst. Karlakór Siglufjarðar mun syngja kórlög þessa „föður Siglufjarðar“ auk þess að flytja lög í útsetningu Geirharðs Valtýssonar sem hann gerði fyrir Karlakórinn Vísi á sínum tíma. Tónleikar á hátíðinni verða um 20 talsins, ein leiksýning býðst börnum og fjórir hópar frá Íslandi, Noregi og Danmörku sýna þjóðdansa. Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni eru Baggalútur, Hjálmar, sönghópurinn Voces Thules, sveitahljómsveitin Slim Jim, Brasilíu-bandið Tropicalia og svo mætti lengi telja. Nánari upplýsingar um Þjóðlagahátíðina í sumar má finna á www.folkmusik.is



Sr. Bjarni „sterkur karakter“

Ævisaga sr. Bjarna á 150 ára afmæli hans

Í ár eru 150 ár liðin frá fæðingu sr. Bjarna Þorsteins-sonar og var af því tilefni ákveðið að gefa út ævisögu hans. Viðar Hreinsson var fenginn til að skrifa söguna en hann frétti af útgáfunni og sýndi þessu verki mikinn áhuga, hafði samband við Siglfirðingana Gunnstein Ólafsson og Jónas Ragnars-son en Gunnsteinn er stjórnandi Þjóðlagaseturs sr. Bjarna á Siglufirði. Arnold Bjarnason, sonar-sonur sr. Bjarna, hefur einnig verið með í ráðum. Bókin kemur út í haust á afmælisdegi sr. Bjarna 14. október og er það bókaútgáfan Veröld sem gefur bókina út.

Ég heimsótti Viðar einn vordag fyrir páska og sagði hann mér að vel gengi að skrifa bókina. Hann segist hafa farið í gegnum mikið safn bóka, rita og bréfa er tengjast Bjarna og störfum hans. Aðspurður segir hann Bjarna ekki hafa verið flókinn karakter. en verið duglegan og skipulagðan og ekki verið að velta sér upp úr lífsgátunni, hann lét verkin tala og varð mikið úr verki. Bjarni hafi verið mikilsvirtur „broddborgari“ og þótti skemmtilegur í þröngum hópi en gat líka verið harður í horn að taka. Ást-arbréf milli hans og Sigríðar konu hans sýna að Bjarni átti líka sínar mjúku hliðar og gat verið mjög rómantískur ef svo bar undir.

Sr. Bjarni fæddist árið 1861 á Mýrum í Hraunhreppi, einn af átta systkinum sem upp komust en fór snemma að heiman. Í gögnum sr. Bjarna er lítið að finna um fjölskyldu hans, þeim mun meira um tengdafólk hans. Sr. Bjarni var af fátæku fólki kominn, alinn upp í gamla tímanum við mikla vinnu og þröngan kost.



Hann fór þó til Reykjavíkur haustið 1877 í Lærða skólann og lærði síðan til prests. Í Lærða skólanum var kennd söngfræði og varð hann sér úti um tilsögn í tónfræði og orgelleik hjá Jónasi Helgasyni.

Bjarni kemur töluvert við sögu í sönglífi Reykjavíkur síðustu árin í Lærða skólanum og á stúdentsárunum, fram til ársins 1888.

Tilviljun réð því að sr. Bjarni tók við Hvanneyrarprestakalli á Siglufirði 1888. Hann vant-aði vinnu við sitt fag, voru tvö prestaköll laus á þessum tíma, Hvanneyrarprestakall og Þönglabakkaprestakall.

Eftir samráð við besta vin sinn

ákvað Bjarni að sækja um Hvanneyri en vinurinn fékk Þönglabakka. Kannski skipti það miklu máli að í Siglufjarðarkirkju var gott orgel. Hann bjó í Maðdömuhúsi hjá Margréti ekkju Snorra Pálssonar frá því hann kom fyrst og þar til hann flutti með fjölskylduna í nýtt hús á Hvanneyri 1898.

Á námsárunum kynntist Bjarni Lárusi Blöndal alþingismanni og fór til hans norður í Vatnsdal á Kornsa haustið 1885 sem skrifari og heimilis-kennari. Þar kynntist hann konuefni sínu Sigríði Lárusdóttur Blöndal, dóttur Lárusar. Þau Sigríður voru sex ár í tilhugalífi, þar af fjögur ár leynilega trúlofuð. Þau eignuðust fimm börn. Með þeim kom Blöndals-nafnið til Siglufjarðar.

Bjarni sá fyrst nótur þegar hann dvaldi á Breiðabólstað hjá Guðmundi Einarssyni. Bjarni sagði sjálfur að hann hefði fyrst orðið að manni eftir dvölina á Breiðabólstað, þykir það merkja að hann hafi komið frekar brotinn af æskuheimilinu.

Bjarni skrifaði niður nótur sjálfur, þjóðlög sem hann þekkti og eins frá vinum sínum. Hann

hlustaði á gamalt fólk sem fætt var fyrir 1820 raula þjóðlög og skrifaði upp eftir því. Hann byrjaði að safna þjóðlögum árið 1880 í Lærða skólanum en fór að safna þeim skipulega eftir að hann kom til Siglufjarðar, líklega kringum 1894. Á þessum árum voru menn mikið að safna



þjóðsögum og þóttu þjóðlög frekar gamaldags þar sem ný menning tónlistar var að ryðja sér til rúms á Íslandi. En Bjarni hélt áfram og vann mikið brautryðjendastarf í söfnun þjóðlaga á árunum 1880 til 1906.


Hann skrifaði handritið að þjóðlagasafninu 1899-1904, ritaði mjög ítarlegan formála upp á tæpar 100 blaðsíður. Hann flokkaði allt safnið og skráði. Vann Bjarni mikið þrekvirki við söfnunina og skráninguna og ákvað að gefa safnið út. Hann sótti um styrk til þess hjá Carlsberg bjórframleiðenda í Danmörku vegna þess að svo kostnaðarsamt verk vafðist fyrir Íslenska bókmenntafélaginu.

Bjarni var einnig gott tónskáld og samdi allmörg ágæt sönglög auk Hátíðarsöngva sem enn eru sungnir á helstu stórhátíðum kirkjunnar.

Árið 1930 gaf Bjarni út Ættarskrá um sína ætt, mikið rit, og áætlað er að Bjarni hafi verið í kringum tíu ár að safna efni í þessa bók. Kolbeinn og Einar Þorsteinsson, bræður Bjarna, eru nefndir á forsíðu sem „kostnaðarmenn“.

Sr. Bjarni var oft kallaður „faðir Siglufjarðar“ á þessum árum sem hann gegndi þar prestsskap. Hann háði mikla sjálfstæðisbaráttu sem lauk með því að Siglufjörður fékk kaupstaðarréttindi árið 1918. Sr. Bjarni var kosinn í fyrstu bæjarstjórn Siglufjarðar.

Eina skemmtisögu sagði Viðar mér úr grúski sínu um Bjarna. „Bjarna þótti gott að fá sér í



staupinu og var talað um að hann hafi oft sést fara um borð í skip sem komu úr siglingum og kanna áfengisbirgðir sjómannanna og fór einatt ekki frá borði fyrr en allt áfengi var búið. Sjómennirnir tóku þá það ráð að vera einungis með hálfa flösku tilbúna þegar Bjarni kom og kölluðu hana prestinn! Lengi vel gengu hálfflöskur undir nafninu „prestur“ í ÁTVR á Siglufirði!

Mikill áhugi er fyrir útgáfu þessarar bókar um sr. Bjarna Þorsteinsson en útgáfa hennar er styrkt af fjölskyldu Arnolds Bjarnasonar, Siglufirðinga-félaginu, Vildarvinum o.fl. Veröld gefur út.

Í bókinni er að finna ýmislegt um sr. Bjarna og ævi hans sem ekki hefur áður birst og prýða bókina fjölmargar myndir.

Sjh

Andvari vonar og gleði

– viðtal Leós R. Ólasonar við listakonuna Höllu Haraldsdóttur

Hinn 15. desember árið 1966 var vígt nýtt sjúkrahús á Siglufirði. Í anddyri þess var þá einnig afhjúpuð fyrsta „freskan“ á Íslandi, mikið myndverk eftir Höllu Haraldsdóttur sem næstu fjóra áratugina var það fyrsta sem tók á móti þeim sem inn komu. Í hugum margra öðlaðist myndin ákveðinn virðingarsess strax í upphafi, varð síðan eins konar tákn hins nýja og glæsilega húss og um leið einkenni þess. Verkið vakti verðskuldaða athygli margra þeirra sem þarna áttu leið um, enda magnað verk og hlaðið boðskap. Þrátt fyrir að það hafi verið pantað af byggingaraðilum sjúkrahússins og fjárhagur listakonunnar ekki verið upp á marga fiska á þessum tíma, þáði Halla ekki greiðslu fyrir framlag sitt. Hún gaf myndina til minningar um ömmu sína Margréti Guðmundsdóttur, sem á sínum tíma var fyrst allra til að gefa fé í söfnun vegna fyrirhugaðrar byggingar nýs sjúkrahúss.

Tákn múrristunnar er læknaýðjan Eir með Asklepíasarstafinn í hönd. Vinstri blutinn er hjúpaður skugga sorgar þar sem regnskýin fella tár yfir þjáningum mannkynsins. Þokukennd sorgin hylur hluta gyðjunnar sem deilir óvissunni og kvíðanum með mannfólkinu. Við fætur gyðjunnar liggur veikur svanur sem hlýtur lækningu við snertingu hennar. Andvari vonar og gleði birtist í líki fuglsins á hægri hlutanum, þar sem sólin skín og færir



okkur birtu og gleði. Við höfum hlotið bata, njótum heilbrigðis og göngum fagnandi á vit lífsins. Neðsti hluti verksins er tengdur í eina heild af heilsujurtunum ópíumvalmúa, digitalis og fjallagrasi. Þetta er mannlífð sjálft í gleði sinni og sorg, lífi og dauða.

Múrristan er 2 x 3 metrar að stærð og gerð á sléttan steinvegg úr upphleyptri steinsteypu sem síðan er lituð.

Þannig lýsir listakonan Halla Haraldsdóttir verki sínu sem eitt sinn prýddi anddyri Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar. En ekkert er óumbreytanlegt og lágmyndin á veggnum gegnt útihurðinni tekur ekki lengur á móti þeim sem þarna eiga leið um. Læknagyðjan með stafinn er þó enn á sínum stað, og alveg jafn kirfilega greypt í vegginn og hún hefur

verið allar götur frá sköpun sinni og upphafi. Hvað gerðist, gæti maður spurt sig og svarið er vissulega ekki flókið. Síðla árs 2009 var tekin í notkun rúmlega eitt þúsund fermetra viðbygging við HS, við það breyttist aðalinngangurinn sem nú er á öðrum stað í byggingunni. Vistarverur gyðjunnar eru nú baksviðs ef svo mætti segja, á fáförnu einskis manns landi og sjúkrahúsið hefur komið djásni sínu fyrir undir mælikeri þar sem alltof fáir líta það augum.

Hvort sem þarna hefur óvart orðið skipulagsslys eða listinni einfaldlega fórnað á altari hagræðingarinnar að hætti 2007-lífsstílsins skal ósagt látið. En þeir sem hafa lifað og reynt nærast oft á fortiðarþránni og ég viðurkenni fúslega að ég sakna

Fylltu út svarseðilinn sem fylgir blaðinu
og tryggðu þér eintak af ævisögu
séra Bjarna á frábæru verði!

FAÐIR SIGLUFJARÐAR

VÖNDUÐ ÆVISAGA KEMUR ÚT Í HAUST

Séra Bjarni Þorsteinsson var kunnur fræðimaður á sinni tíð og stórbrotinn athafnamaður sem stóð fyrir framförum og uppbyggingu á fjölmörgum sviðum – fyrst og fremst á Siglufirði. Í haust verða 150 ár liðin frá fæðingu séra Bjarna og af því tilefni kemur út vönduð ævisaga hans eftir Viðar Hreinsson en hann hefur hlotið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir ævisögur sínar. Í bókinni er rakin ævi þessa stórmerka manns á lipran og lifandi hátt þar sem ýmislegt áður óbirt efni er dregið fram í sviðsljósið.

VERÖLD





Veggmyndin í anddyri hins nýja sjúkrahúss. Listakonan, frú Halla Haraldsdóttir, sézt á myndinni við verk sitt. — Ljós.: S.K.



Ólafur Þ. Þorsteinsson, sjúkrahúslæknir og formaður byggingarnefndar, rekur aðdraganda að byggingu sjúkrahússins og byggingarframkvæmdum. — Ljós.: S.K.

læknagyðjunnar Eirar í magnþrungnu umhverfi sínu á veggnum, hvert einasta sinn sem ég á leið inn á stofnunina sunnan undir Hvanneyrarhólnum.

Fyrir nokkru þegar ég var staddur á Siglufirði, gerði ég mér sérstaka ferð til að leita hana uppi og var vel tekið af starfsfólkinu eins og vænta mátti. Þau Þóra Jónsdóttir og Birgir Ingimarsson (Láka) lóðsuðu mig að fótstalli gyðjunnar, en það skal fúslega viðurkennt að ég rataði ekki þangað hjálparlaust. Reyndar áttaði ég mig á villu míns vegar þegar ég stóð andspænis gyðjunni og horfði þaðan til stigans sem liggur upp á efri hæðirnar. Þarna voru iðnaðarmenn að vinna við breytingar á húsnæðinu sem áður hýsti m.a. læknastofur, lækna-ritara, gamla anddyrið, móttökuna og eitthvað fleira. Mig fýsti að vita hvað til stæði og Birgir veitti mér, eins og vænta mátti, greið svör við spurningum mínum.

„Jú, það hefur komið fólk beinlínis til að spyrja um myndina og við höfum þá bent því á hvar hana er að finna. En hérna að norðanverðu er núna innkeyrsla sjúkrabílsins og í gömlu forstofunni sem er að vísu orðin talsvert stærri en hún var hérna áður fyrr, verður bráðamóttakan. Svo verður öldrunardeildin sem núna er á þriðju hæðinni flutt hingað niður.“

Fyrirætlanin hljómaði alls ekki svo illa við fyrstu hlustun og vonandi mun þessi hluti húsnæðisins sem hefur staðið auður síðustu misserin öðlast nýtt og gagnlegt hlutverk í framtíðinni. Vonandi munu vistmenn og starfsfólk HS gæða hann lífi og vonandi munu þá fleiri njóta listaverks Höllu Haraldsdóttur.

Þegar ég átti leið suður yfir heiðar næst setti ég mig í samband við Höllu sem nú býr í Garðabæ og spurði hana hvort ég mætti ekki forvitnast örlítið um söguna á bak við verkið og tilurð þess. Hún tók erindi mínu vel og ég heimsótti hana í nýliðinni dymbilviku.

„Upphaflega bað Skúli Jónasson (byggingameistri sjúkrahússina) mig um að gera varanlegt verk á vegg í anddyri nýja sjúkrahússins og síðar ítrekaði Ólafur Þorsteinsson læknir þessa sömu ósk. Engar kvaðir eða óskir voru uppi um út á hvað verkið ætti að ganga eða hvernig það ætti að líta út, ég hafði því algjörlega frjálsar hendur og vann alla hugmyndavinnuna alveg frá grunni. Þegar hún var að baki, stækkaði ég myndefnið upp í 8–10 fermetra á gólfinu heima á Hólaveginum þar sem við bjuggum. Óhætt er að segja að það hafi þrengt talsvert að fjölskyldunni þann tíma sem sá hluti undirbúningsins stóð yfir, því að plássið í íbúðinni var nú ekkert allt of mikið fyrir. Þrír litlir strákar sem hlupu, hoppuðu, skoppuðu og skriðu um gólf

þurftu auðvitað líka sína athygli og umönnun. Það má því alveg segja að ég hafi stundum staðið yfir myndinni útbreiddri á gólfinu með sleifna í annarri hendi en málningarpensilinn í hinni.

Þegar kom síðan að því að vinna myndina í sitt endanlega form á sjúkrahúsinu, naut ég góðrar aðstoðar Baldurs Ólafssonar múrara sem reyndist alveg frábærlega í alla staði. Hann rappaði og grófpússaði vegginn, en ég fór að móta myndverkið í steypuna áður en hún þornaði um of. Til þess notaði ég mjög frumstæð áhöld svo sem lítinn vasahníf, teskeið og auðvitað líka berar hendurnar. Allt var unnið fríhendis eftir frumhugmyndinni og það mátti ekkert út af bera, en þetta gekk upp að lokum. Svo þurfti að gæta þess að steypan þornaði ekki of hratt og við Baldur vorum á ferðinni á ýmsum tímum sólarhringsins að bleyta í henni, allt þar til hún taldist vera orðin tilbúin undir málningu. Á svoleiðis hlutum hafði ég ekkert vit, en Baldur var með allt slíkt alveg á tæru. Ég fékk góðar leiðbeiningar um hvernig liti ég ætti að nota hjá Barböru Árnason vinkonu minni, en henni kynntist ég þegar ég var í myndlistaskólanum. Þeir hafa staðist tímans tönn mjög vel því þetta var árið 1966 og ég hef aldrei síðan þurft að fara yfir hana með pensli til að laga neitt.

Það var talsverð hugarleikfimi að finna út hvaða leið ég ætti að fara varðandi múrverkið á sjúkrahúsinu. Ég man að Ólafur læknir var fyrst pínulítið óöruggur og hefur sjálfsagt velt fyrir sér hvað mér myndi nú detta í hug að gera. Hann hefur kannski haldið að ég myndi gera einhverjar fallegar blómamyndir eða eitthvað sem segði frekar fátt í einhvers konar myndrænu afstöðuleysi.

En þegar hann sá hvernig myndin ætti að líta út gat ég ekki merkt neinn efa í huga hans, en þá lá hins vegar við að mér féllust hendur vegna þess að ég sá fram á hvað þetta yrði mikil vinna. Ég vildi gera mannlífið eða lífshlaupið að viðfangsefni mínu með öllu því sem fylgir því að vera til, gleði og sorg, lífi og dauða eins og er hjá okkur öllum. En auðvitað líka vonina um bata þegar eitthvað bjátar á. Ég gerði læknagyðjuna Eir að miðdepli myndarinnar, en hún er ein af guðynjunum í goðafræðinni.

Á þessum tíma hafði ég litla þekkingu á því hvernig best og skynsamlegast væri að vinna svona verk og fékk heldur enga leiðsögn neins staðar frá um það. Í dag þegar ég hef öðlast heilmikla reynslu og þekkingu, er ég ekki viss um að ég myndi hafa þann kjark og það þor sem þarf til að ráðast í verk



Halla og Hjalmar í nýja húsinu, rétt fyrir ofan flæðarmálið þar sem Arnarnesvogurinn breiðir úr sér eins og risavaxið málverk fyrir utan stofugluggann.

af þessu tagi. Eftir á að hyggja hef ég sennilega hent mér þarna út í djúpu laugina og komist frá gerðum mínum með einhverjum óskiljanlegum og undraverðum hætti. En þessi mynd átti eftir að hafa meiri áhrif á líf mitt og lærdóm þegar fram í sótti en mig óraði fyrir á þessum tíma.

Eftir að ég var flutt suður sendi Ólafur læknir mér bréf þar sem hann segir mér af því hve þessi saga frá veikindum til heilsu og lífsgleði sem myndin lýsir, sé honum ávallt ofarlega í huga. Á erfiðum stundum á sjúkrahúsinu segist hann stundum ganga niður stigann og setjast fyrir framan hana stundarkorn. Þar líði honum vel og það sé engu líkara en hann finni í henni orku og andlegan styrk. Eftir svolitla nærveru væri hann síðan aftur tilbúinn að halda áfram að takast á við dagsins önn og eril.

Ég þakkaði Höllu fyrir spjallið. Vonandi á læknagyðjan með stafinn sinn eftir að stíga aftur fram úr skugganum og verða sýnilegri en hún er nú, öðlast þann virðingarsess og verða aftur það tákn Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar sem lagt var upp með í fyrstu og gleðja gesti og gangandi líkt og hún gerði áður í svo ríkum mæli.

LRÓ

Störf stjórnar 2010-2011

Stjórn Siglfirðingafélagsins hefur fundað nokkuð oft á þessu starfsári en margir viðburðir eru framundan á 50 ára afmæli félagsins. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að skipuð yrði afmælisnefnd sem í átta sæti Guðmundur Stefán Jónsson, Líney Halldórsdóttir, Jóna Möller og Björn Z. Ásgrímsson og legði nefndin fram tillögur að viðburðum á afmælisárinu. Nefndin skilaði tillögum í byrjun desember sl. og færir stjórnin þeim kærar þakkir fyrir það.

Í byrjun starfsársins var skipuð afmælisnefnd til að sjá um afmælishátíð félagsins á Broadway 22. október 2011, hana skipa Björn Z. Ásgrímsson formaður, Helgi Svavar Helgason, Friðfinnur Hauksson, Líney Halldórsdóttir og Jóhann Möller. Undirbúningurinn gengur vel, fjöldi listamanna kemur fram og búist er við margmenni. Ritnefnd fyrir afmælisblaðið sem kemur út í haust, var einnig skipuð.

Í henni eru Gunnar Trausti, Kjartan Stefánsson, Jónas Ragnarsson, Jóna Möller og Leó R. Ólason.

Allar þessar nefndir hafa staðið sig frábærlega og gaman er að sjá hversu margir sýna afmæli félagsins mikinn áhuga og eru boðnir og búnir til að starfa að þessu verkefni. Jólabball félagsins var haldið í desember sl. að venju, fjöldi manns sótti skemmtunina þar sem ungir og aldnir skemmtu sér saman. Jólabballsnefndin fær bestu þakkir fyrir frábært starf.



Stjórn Siglfirðingafélagsins f.v.: Gunnar Trausti Guðbjörnsson, Jóna Hilmarisdóttir, Jónas Skúlason, Halldóra Jónasdóttir, Raket Björnsdóttir formaður, Líney Halldórsdóttir og Haukur Ómarsson.

Vel hefur gengið að fá árganga til að starfa saman við undirbúning og vinnu við fjölskyldudag félagsins. Að þessu sinni eru það árgangarnir 1951, 1961 og 1971.

Stjórn félagsins hefur fundað í húsnaði Gunnars Trausta við Ármúla í Reykjavík og þakkar félagið fyrir aðstöðuna.

Gleðilegt sumar

Óskum félögum í Siglfirðingafélaginu
gleðilegs sumars. Þökkum áskrifendum
Hellunnar héraðsfréttablaðs í Fjallabyggð
fyrir veturinn sem var að líða og

bjóðum nýja áskrifendur
velkomna.

hellan@tunnan.is

S: 467-1288

SIGLUFJARÐARKRIMMINN

BÓKIN SEM ÞÝSKU

FORLÖGIN BITUST UM!

„SPENNANDI, GRÍPANDI OG
HELDUR MANNI VIÐ EFNID.“
—Guðrún Haraldsdóttir, Víkurni



„Vel byggð, vel stíluð og spennandi sakamálasaga með góðri persónusköpun og lausn sem kemur lesanda algjörlega í opna skjöldu.“

— Friðrika Benónýsdóttir,
Fréttablaðinu

Blóðugir glæpir á Siglufirði!

Á Siglufirði finnst ung kona blóðug og hálfnakinn í snjónum, nær dauða en lífi, aldraður rithöfundur deyr á grunsamlegan hátt og gleymdir glæpir fortíðar koma upp á yfirborðið í myrkri, kulda og endalausum snjó. **Spennandi glæpasaga sem heldur lesandanum í spennu og óvissu fram á síðustu blaðsíðu!** Þýska risaforlagið Fischer hefur nú þegar tryggt sér útgáfuréttinn á Snjóblindu.

VERÖLD



★★★★★
Heiðrún Sveinsdóttir,
bóksali í Eymundsson
Austurstræti

GLÆPASAGA | VERÖLD



**Þjónustuver opið frá kl. 8:30 - 16:00
alla virka daga**

Opið frá kl. 9:15 - 16:00
alla virka daga

- Opið í hádeginu -

Sími 460 1900 • Fax 460 1909



www.sps.is